

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 27. apríl 2006 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2005 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, fimmtudaginn 27. apríl 2004 kl. 17:30. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Árni Þór Þorbjörnsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2005.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2005.
- 3) Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar auk fylgiskjals með henni og fjárfestingarstefna Stigadeildar auk fylgiskjals.
- 4) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Kosning stjórnarmanna og varamanna skv. 2. gr. samþykktar.
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 8) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega og voru þeir auglýstir á heimasíðu sjóðsins þannig að sjóðfélagar hafa getað gengið að því sem vísu hvenær erindum þeirra til sjóðsstjórnar verði sinnt. Einnig hefur stjórnin haldið reglulega

vinnufundi með fjárvörsluaðilum. Farið var yfir fjárfestingastefnu deildanna og þeim breytt á árinu og samningar við fjárvörsluaðila endurnýjaðir.

Á árinu var hámarks sjóðfélagalán 15 milljónir og vextir 4,3%. Eftirspurn eftir sjóðfélagalánum minnkaði vegna framboðs íbúðalána frá bönkum.

Stjórnin kom með virkum hætti að rekstri sjóðsins á síðasta ári. Friðbert minntist á að stjórn og starfsmenn hefðu orðið vör við að fleiri og fleiri nýttu sér 95 ára reglu. Vandi Hlutfallsdeildar var fyrirferðarmikill í starfi stjórnar á síðasta ári og gerði hann nánari grein fyrir stöðu þeirra viðræðna.

Hrein eign í Hlutfallsdeild til greiðslu lífeyris hækkaði á árinu um 1,340 m.kr. og styrktist staða deildarinnar því verulega á árinu 2005. Greiðandi sjóðsfélögum fer fækkandi og greiddur lífeyrir er nú rúmlega tvöfalt hærri en innborganir sjóðfélaga. Hrein raunávöxtun ársins var tæp 5%. Ávöxtun Hlutfallsdeildar var ágæt miðað við varkára fjárfestingastefnu en mestur hluti eigna deildarinnar er í skuldabréfum.

Friðbert fjallaði sérstaklega um að Hlutfallsdeild væri í vanda. Rifjaði hann m.a. upp þær forsendur sem gengið var út frá við stofnun Hlutfallsdeildar. Þessar forsendur hafa ekki gengið eftir og hefur stjórnin verið í viðræðum við aðildarfélögin um breytingar á þeim með leiðréttingu. Ekki er hægt að reka Hlutfallsdeild áfram með óbreyttu fyrirkomulagi v/kaupmáttaraukningar. Nauðsynlegt er að setja mörk á inngreiðslur við umsamda kjarasamninga, eða að fyrirtækin greiði sérstaklega inn í sjóðinn ef launahækkanir eru meiri. Jafnframt er einnig verið að ræða við aðildarfélögin um að þau komi að greiðlu kostnaðar við rekstur sjóðsins sem er nú framreiknaður u.þ.b. 700 mkr.

Stefna var lögð fram vorið 2005 gegn LÍ, vegna Hlutfallsdeildarinnar en erfiðlega gekk að fá greinargerðir lögfræðinga bankans og ríkisins. Núna er unnið að samningum um lausn og málaferlin því sett í biðstöðu á meðan. Tveir stærstu aðilarnir hafa gefið stjórn sjóðsins jákvæð svör um að lausn muni nást.

Hugmyndin sem verið er að ræða núna er að fyrirtækin greiði inn vegna hækkunar launa umfram þær hækkanir sem fólgnar eru í kjarasamningum SÍB frá ársbyrjun 1998 til ársloka 2005 og að fyrirtækin muni greiða inn ákveðna upphæð vegna rekstrarkostnaðar sjóðsins. Með því væri stöðu eigna sjóðsins komið niður í ca -4,0% af stöðu heildarskuldbindinga. Ef raunávöxtun nær a.m.k. 4,6% næstu árin þá duga þessar aðgerðir þannig að ekki þurfi að skerða réttindi í sjóðnum.

Friðbert vakti athygli á því að ef samningar nást þá mun stjórn sjóðsins skrifa undir samkomulag um að endanlegt uppgjör hafi átt sér stað milli aðila og þar

með verður ekki unnt að sækja oftár til aðildarfyrirtækja vegna leiðréttingar á upphafsforsendum.

Hins vegar gæti enn steðjað vandi að Hlutfallsdeildinni en hann gæti skapast vegna 95 ára reglunnar og þeirrar staðreyndar að fleiri og fleiri nýta sér hana.

Þá snéri Friðbert sér að umfjöllun um Stigadeild. Hrein eign Stigadeildar til greiðslu lífeyris hækkaði um 1.765 m.kr. Hrein raunávöxtun var 10,82% og var því mjög góð. Deildin þolir betur sveiflur en Hlutfallsdeildin þar sem langt er í þunga af lífeyrisgreiðslum. Meiri hluti eigna er í skuldabréfum, en einnig nokkur í hlutabréfum.

Sjóðfélögum fjölgar jafnt og þétt og eru þeir nú 1605 og innborganir eru miklu hærri en greiddur lífeyrir. Stigadeildin er vel stödd hvað varðar áfallnar skuldbindingar. Á lífeyri eru nú 62, helmingur vegna örorku. Allir nýráðnir greiða til Stigadeildar og nauðsynlegt er að aðildarfyrirtækin standi við þann samning að allir nýir starfsmenn greiði til Lífeyrissjóðs bankamanna.

Í máli Friðberts kom fram að hann teldi að rétt væri að breyta Stigadeildinni í aldurstengda deild þar sem í slíkri deild skapa iðgjöld réttindi í samræmi við ávöxtunartíma og auðveldara er að flytja réttindi á milli sjóða. Aldurstengda leiðin er sú leið sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins eru að semja um núna í sínum kjarasamningum. Aðferðin við breytinguna verður vel kynnt fyrir sjóðfélögum Stigadeildar. Umframeign yrði þá notuð til að bæta stöðu þeirra sem eiga eldri réttindi, þannig að staðan verði sem næst því sem sjóðfélagi hafi greitt til aldurstengdrar deildar allan tímann.

Sjóðsfélagar eru rúmlega 6500. Þar af eru 35% inngreiðandi, 55% sem eiga geymd réttindi og um 10% eru á lífeyri.

Ávöxtun eigna sjóðsins á síðasta ári var ágæt. Gengisvarnir á erlendar eignir skilaði góðum árangri en Friðbert minnti á að fjárfestingastefna deilda sjóðsins væri mismunandi þar sem Hlutfallsdeildin þýldi ekki sveiflur en ávöxtun hennar síðast liðinn 10 ár er þó í samræmi við ávöxtun annarra lífeyrissjóða á sama tímabili. Tryggingarfræðileg úttekt sýnir að deildirnar eiga ekki fyrir skuldbindingum sínum en þó er breyting til batnaðar hjá báðum deildum.

Að lokum fór Friðbert yfir stjórnskipulag sjóðsins og rekstrarfyrirkomulag. Í stjórn sjóðsins á síðasta ári sátu auk hans, Sigurjón Gunnarsson og Arnór Sighvatsson sem fulltrúar sjóðfélaga og sem fulltrúar aðildarfyrirtækja sátu þeir Friðrik Halldórsson, Haukur Þór Haraldsson og Ingvar Sigfússon. Starfsmenn sjóðsins eru 3; Sigtryggur Jónsson er framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi og Anna Karlsdóttir ritari.

Deildir sjóðsins eru algerlega aðskildar fjárhagslega þó svo þær séu reknar undir sama þaki til hagræðingar en sama stjórn er yfir þeim báðum. Friðbert varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki væri tímabært að hvor deild sjóðsins fengi sína stjórn þó svo hagkvæmara væri að samreka deildirnar áfram. Málefni deildanna eru í engu sambærileg og því taldi Friðbert rétt að sjóðfélagar veltu þessu fyrir sér.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór yfir hann fyrir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2005. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Hrein eign Hlutfallsdeildar hækkaði um 6,79% og raunávöxtunin var 4,85%. Hrein eign Stigadeildar hækkaði um 30,12% og raunávöxtun eigna deildarinnar var 10,82%. Þá gerði Sigtryggur grein fyrir efnahagsreikningi hvorrar deildar fyrir sig.

Eftir skýrslu framkvæmdastjóra gaf fundarstjóri orðið laust. Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og vildi ræða þá hugmynd að setja tvær stjórnir fyrir deildir sjóðsins. Taldi Guðríður að það væri eingöngu til þess fallið að auka kostnað og óskaði eftir því að hugmyndin yrði jörðuð.

Þá tók til máls Bjarni Bragi Jónsson. Mærði hann formann stjórnarinnar og taldi misráðið að setja á tvær stjórnir þar sem formaðurinn væri ekki til skiptanna.

Tryggvi Hjörvar tók til máls og taldi það ekki hafa verið hugmyndina við skiptingu sjóðsins að hafa tvær stjórnir. Ef sá vegur yrði genginn til enda yrðu stjórnir fyrir hvert aðildarfyrirtæki og frekar tvær en ein þannig að á endanum yrðu þær orðnar tólf. Tryggvi vildi einnig spyrja um hvaða áhrif afnám verðtryggingar hefði á lífeyrisréttindi sjóðsfélaga í þessum sjóði.

Formaður stjórnar tók til máls og þakkaði Bjarna Braga hlý orði í sín garð. Friðbert taldi greinilegt af viðbrögðum á þessum fundi að hugmyndin um tvær stjórnir væri hér með jörðuð. Þá ræddi Friðbert um hugmyndina um breytingu stigadeildar í aldurstengda deild. Taldi hann það sanngirnismál að af þeirri breytingu yrði þar sem stigadeildinn tæki ekkert tillit til þess tíma sem sjóðfélagar hefðu greitt í deildina – réttindi í deildinni tækju ekkert tillit til ávöxtunartíma greiðslu. Til að svara Tryggva taldi Friðbert að verði af afnámi veðrtryggingar muni verða fundin einhver önnur verðviðmiðun til að gæt þessara eigna sem í lífeyrisréttindum felast.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingarfræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingarfræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans lágu fyrir fundinum. Bjarni benti fundarmönnum á helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirbyggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina.

Niðurstaða Bjarna var sú varðandi Hlutfallsdeild að skuldbindingar eru 10,4% umfram eignir. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 skyldar sú staða sjóðinn til að grípa til aðgerða til að jafna stöðu eigna og skuldbindinga. Staða Hlutfallsdeildar hefur þó batnað lítillega frá síðustu athugun en það má rekja aðallega til góðrar ávöxtunar deildarinnar á árinu 2005.

Staða Stigadeildar er heldur betri en þó neikvæð um 3,0 %. Staða Stigadeildar er innan þeirra marka sem lög kveða á um varðandi hvenær grípa þarf til aðgerða vegna skuldbindinga umfram eignir og batnar nokkuð milli ára.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Olga Egonsdóttir frá Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. og gerði hún grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2005.

Olga kynnti árangur fjárvörsluaðila miðað við ákveðna frammistöðugreiningu sem hún gerði grein fyrir. Mælingin fer fram út frá ávöxtun umfram ákveðið viðmið varðandi það safn eigna sem er með virkri stýringu. Landsbankinn hafði betur í ávöxtun eigna Hlutfallsdeildar en KB banki í ávöxtun eigna Stigadeildar.

Olga gerði grein fyrir mismunandi fjárfestingarstefnu hvorrar deildar sjóðsins. Þar sem fjárfestingarstefna Stigadeildar er áhættusæknari er eðlilegt að ávöxtun þar hafi verið hærri en það þýðir að sveiflur verða meiri að sama skapi.

Enginn óskaði að taka til máls undir þessum lið eða bera fram fyrirspurnir.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Gunnlaugur Arnórsson og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu endurkjörnir og var það samþykkt með lófataki.

6) Kosning stjórnarmanna og varamanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson yrðu kjörin aðalmenn í stjórn sjóðsins. Þar sem ekki hafa borist fleiri tillögur um stjórnarmenn skv. samþykktum sjóðsins teljast þau réttkjörin í stjórn til næstu tveggja ára.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Kjartan Sigurgeirsson yrði 1. varamaður, Nanna Harðardóttir yrði 2. varamaður og Oddgeir Gunnarsson yrði 3. varamaður. Þar sem ekki hafa borist fleiri tillögur um varamenn skv. samþykktum sjóðsins teljast þau réttkjörnir varamenn í stjórn til næstu tveggja ára

7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt kr. 40.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf. Laun varamanna kr. 20.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 40.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 20.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhjóða.

8) Önnur mál

Enginn óskaði að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og fengu fundarstjóri og fundarritari umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið laust eftir kl. 19:00. Fundarmenn voru um 117 talsins.

Reykjavík 27. apríl 2006

Fundarstjóri:

Fundarritari: